

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 20. mars 2017, kl. 13

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Oktavía Hrund Jónsdóttir, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Katla Hólm. Fundarstjóri var Jón Þórisson. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 16/2017

1. Fundargerð

Fundargerðir frá 13. og 15. mars voru samþykktar.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta gerði grein fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Skýrsluskil rannsóknarnefndar um kaup á eingarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands rædd.

3. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Ásta Guðrún og Oktavía Hrund taka til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag og beina fyrirspurnum sínum til fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og dómsmálaráðherra hins vegar. Ákveðið var að Einar og Gunnar Ingiberg taki þátt í sérstökum umræðum í dag um áherslur í skipulagi haf- og strandsvæða. Jón Þór og Björn Leví taka þátt í sérstökum umræðum á miðvikudag um lífeyrissjóði. Einar og Birgitta taka þátt í sérstökum umræðum um samgönguáætlun á fimmtudag. Þingvaktir næstu daga og skráningar í störfun voru rædd.

4. Bréf úr nefndum

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

5. Starfsmannamál

Tillaga um að greiða upplýsingafulltrúa skv. nýliðnum samningi og að nýr samningur verði gerður fyrir næstu mánuði, mögulega í samvinnu við framkvæmdaráð, var samþykkt samhljóða. Þórhildur Sunna óskaði eftir að taka þátt í að fara yfir umsóknir um starf aðstoðarmanns þingflokks og var það talið sjálfsagt.

6. Umsókn um fjármagn úr sameiginlegum sjóð þingflokksins

Samþykkt var fjárveiting til námskeiðshalds um stjórnskipan og þingmennsku auk fjárveitingar til kvikmyndasýningar.

7. Tilnefningar í stjórnir

Dagskrárlið frestað.

8. Drög að tillögu um fundarsköp þingflokks Pírata

Dagskrárlið frestað.

9. Rammaáætlun

Dagskrárlið frestað.

10. Önnur mál

Skýrsluskil rannsóknarnefndar um kaup á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands var til umræðu. Ákveðið að gerð verði krafa um að skýrslan verði afhent með viku fyrirvara áður en hún fer á dagskrá. Ásta Guðrún fylgir málinu eftir. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.48.